

Stjórnarfundur SÍK þriðjudaginn 12. janúar 2016 kl 18:00

Mættir voru allir nema Kristján sem hafði boðað forföll.

Ritningalestur og bæn. Birna las Sál 100.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram.
2. Fjármál og fjárhagsstaða.
 - a. SÍK: Uppgjör 11 mánaða. Lítur vel út. Tekjur hafa aukist lítillega. Basarinn hækkar um 1 mkr miðað við sama tíma á fyrra ári. Laun tengd Basarnum hafa hækkað að sama skapi. Frímerkjatekjur eru hærri en áður. Skógámasendingar virðast ekki hafa skilað jafn miklu og áður. (Kanna þarf merkingar og frágang í gámunum). Arfur eftir Lilju Kristjánsdóttur er tekjufærður á árinu. Laun hafa hækkað og ferðakostnaður. Greitt hefur verið meira til Kristniboðslandanna en áætlað var, einkum eldri skuldir.
 - b. Salt ehf er með einhvern halla en afskrifa á nokkuð af skuldum félagsins.
3. Fréttir og annað.
 - a. Fanney og Fjölur hafa sent skýrslu frá Pókot. Ljóst er að lífið er erfitt með sín vandamál í kirkjunni, bæði siðferðileg og klotningur og árekstur við Islam. Skýrsla frá NLM sýnir að fólk er sárt yfir að NLM hafi dregið sig út. Ljós er þörf fyrir að hafa fólk á vettvangi. Styttri heimsóknir skipta máli og verk að vinna fyrir kristniboða. Útrás inn í Túrkanu er á dagskrá þrátt fyrir erfið samskipti milli Túrkanu og Pókot gegnum tíðina. Það er fyrirbænaefni að einhver svari kalli og fari til starfa. - Skýrsla frá Karli Jónasi bendir til að yfirmaður kirkjunnar í SWS misnoti vald sitt. Konsó og Gíðole og Gúmaide stefna í að verða sjálfstæð sýnóða. Óvissa er með Suður Ómó. Mikil spennan er á svæðinu. Nefnt hefur verið í fréttum að búast má við flóttamönnum frá Eþíópíu á næstu árum inn í flóttamannastrauminn í heiminum. Ólafur mun ræða við Kristján og Helgu um ferðina er þau koma heim.
 - b. Lítil viðbrögð hafa verið við tímasetningu aðalfundar 4. maí nk. Einhverjir hafa saknað umræðna og meiri biblíufræðslu og vilja frekar hafa aðalfund á laugardegi.
 - c. Sendar hafa verið út lagabreytingartillögur til aðildarfélaga. Einstaklingsaðilar eiga að fá líka.
 - d. Kristniboðsvika 28. febr. - 6. mars: Karl Jónas er byrjaður að vinna að undirbúningi fyrir heimsóknir og áhrif frá Eþíópíu (margir hafa verið á ferð þar). Bænavika eða bænaátak fyrir vikuna mætti skoðast. Þurfum að hafa ljóst hverjar eru væntingar og markmið vikunnar. Virkja fólk frá stóru félögunum (KK, KVK, Salti) að taka þátt svo fjölmennt verði.
 - e. Útgáfa Salts ehf á NLT. Samningur ekki enn kominn í höfn. Hugmynd um að þýða fyrst Jóhannesarguðspjall og dreifa því inn á öll heimili. Rætt um að finna út hve mörg heimili eru á landinu til að áætla fjölda.
 - f. Frímerkja- og myntsöfnun hefur skilað meira en 4 mkr á árinu.
4. Kalli og Raggý eru tilbúin að fara til Ómó Rate aðallega til að endurvekja lestrarverkefnið. Geta þá verið næsta sumar um 7 vikur. Tekið var vel í þessa hugmynd. Þörf er fyrir fólk á staðnum í lengri tíma í kristniboðsþjónustu. Leysa þarf Basarmálin meðan Kalli er burtu.
5. Ýmis mál
 - a. Skýrslur frá kristniboðinu úti verða sendar til stjórnarmanna rafrænt.
 - b. Anna Sigurðardóttir hefur verið ráðin í 50% starfshlutfall á Basarnum í 3 mánuði.

- c. Íslenskukennslan er að bera ávöxt líka í því að sá orðinu. Ýmsir koma sem ekki eru kristnir. Skoða þarf möguleika á Alfa á ensku eða annað til að fræða í kristinni trú fyrir þá sem vilja taka þátt í því. Athuga þer hvort hægt er að sækja um styrk fyrir þetta starf. Athuga þarf að sækja um styrk til velferðar(félagsmála)ráðuneytis (Eygló Harðardóttir) og byrja undirbúning þess.
 - d. Varðandi umsóknir til Utanríkisráðuneytis og annarra ráðuneyta vegna starfs SIK erlendis þarf að gæta þess að allar kröfur og þarfir séu uppfylltar sem best eftir leiðbeiningum ráðuneytanna svo þeim sé ekki hafnað vegna formgalla.
6. Þörf fyrir nýja kristniboða. Margir sem hafa farið til kristniboðsstarfa á síðustu árum hafa aðeins verið eitt tímabil. Mikilvægt er að ná til unga fólksins á Íslandi og miðla kallinu og upplýsingum. Þörf er á að fylgja betur eftir og halda tengsl við hópinn sem fer á UL í Noregi. Lítil áhugi virtist vera á KRUNG ferð. Noregsferðin: Þörf er fyrir að fylgja hópnum, túlka og aðstoða. Kanna hvort einhverjir íslendingar í Noregi geti hjálpað við túlkun úti. Við erum til í að greiða fyrir 1-2 fararstjóra (eftir fjölda þátttakenda). Getum við boðið efni á fundi KSS eða á skólamót? Vanda þarf slíkt og það þarf að vera skemmtilegt. Nauðsynlegt að upplýst sé um kristniboðið meðal unga fólksins. Læða að hugmyndinni um að gott sé að taka þátt í kristniboði til að láta gott af sér leiða.
7. Önnur mál
- a. Finnarnir koma. Ekki fylgja sængur, sængurver o.fl með í leigu þar sem þau gista. Halli leggur til sængur og sængurver. Verkefni fyrir þau eru m.a. að hjálpa til í íslenskukennslu, Basarnum, tengsl við KSH o.fl. Auglýst er eftir því að bjóða þeim í mat.
 - b. Setja þarf ræður af miðvikudagssamkomum á netið og auglýsa það.
 - c. Húsfundur á Háaleitisbraut 58. Sorplosun, kostnaðarskipting. Stungið upp á ákveðinni skiptingu. Virðist sanngjarnt.
 - d. Hulda hefur haft umsjón með og ræst kristniboðssalinn og hefur gert vel. Hún er þreytt á að illa er gengið um salinn hjá sumum sem leigja hann. Brýna þarf fyrir þeim aðilum að það sjái til þess að þrifa eða greiða fyrir þriffin ef ekki er gengið vel um. Skila þarf til Huldu góðu þakklæti fyrir trúmennsku hennar og samviskusemi.
8. Næsti fundur er 9. febrúar kl 18:00.